Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2005:5 • 13. september 2005

# Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2005

*Quarterly national accounts, 2nd quarter 2005*

*Samantekt*

**Þjóðarútgjöldin eru talin hafa vaxið um 11,8% að raungildi á 2. ársfjórðungi frá sama tíma árið áður. Landsframleiðslan jókst hins vegar mun minna vegna mikils innflutnings eða um 6,8% að því nú er áætlað. Innflutningur jókst um 23,5% að raungildi en útflutningur jókst um 12,2%.**

*Mikill vöxtur í einkaneyslu og fjárfestingu*

Einkaneyslan er talin hafa vaxið um 14,1% á 2. ársfjórðungi og er það mesta aukning sem verið hefur á einum fjórðungi frá því ársfjórðungsreikningar hófust á árinu 1997. Sem fyrr má rekja meginhluta þessa vaxtar til kaupa á innfluttum vörum og þjónustu. Fjárfesting óx um fimmtung á 2. ársfjórðungi frá sama tíma árið áður eftir að hafa vaxið um fjórðung á 1. fjórðungi. Samneyslan óx um 4,4% og er það nokkru meiri vöxtur en verið hefur á undanförnum ársfjórðungum.

*Vaxandi innflutningur og útflutningur*

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, eru talin hafa vaxið um 11,8%. Innflutningur hélt áfram að aukast, nú um 23,5%, og er það mesti vöxtur í einum ársfjórðungi frá upphafi ársfjórðungsreikninga. Útflutningur jókst einnig í fjórðungnum en nokkru minna eða um 12,2%.

*Árleg keðjutenging tekin upp*

Árleg keðjutenging hefur nú verið tekin upp við gerð ársfjórðungsreikninga og kemur hún í stað viðmiðunar við fast verð tiltekins árs (var 1990) við útreikning á magnbreytingum. Öll fyrri ár aftur til 1997 hafa verið endurreiknuð samkvæmt þessari aðferð.

Hér er um að ræða hliðstæðar breytingar og teknar hafa verið upp við gerð árlegra þjóðhagsreikninga. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í 4. hefti Hagtíðinda í þessum efnisflokki sem fjallar um árlega þjóðhagsreikninga og kemur út um leið og þetta hefti.

*Árstíðaleiðréttingu ekki beitt*

Þær breytingar sem hér er lýst, eru ekki árstíðaleiðréttar, heldur lýsa breytingum frá sama tíma fyrra árs. Breytingarnar eru því iðulega sveiflukenndari en ef árstíðaleiðréttingu væri beitt.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**
*Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year*




2004 bráðabirgða *preliminary data.*
2005 áætlun *estimated data*

## English summary

Total domestic expenditure increased by 11.8% in real terms in the second quarter of 2005 as compared with the same quarter of 2004. The growth rate of Gross Domestic Product (GDP) was somewhat lower or 6.8% owing to a rise of imports by 23.5% and a lower growth rate of exports which was 12.2%.

In the second quarter of 2005, household final consumption increased by 14.1% which is a record high. This growth rate has largely been driven by large purchases of imported goods and services. Government final consumption increased by 4.4%, considerably higher than in previous quarters.

Gross fixed capital formation continued to rise, now by 20.0% after 24.4% growth the quarter before.

*Chain linking*

For the first time chain linking is now applied in quarterly national accounts as well as in the annual accounts. According to this new method previous quarters have been revised back to 1997 with some impact on the growth rates in individual quarters.

The figures are not seasonally adjusted.

## Tafla 1. Landsframleiðsla 2003–2005 eftir ársfjórðungum
*Table 1. Quarterly GDP 2003–2005*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs, milljónir króna** | | | | | | | | |
| ***Million ISK at current prices*** | | | | | | | | |
| **2003** | **460.363** | **211.529** | **165.971** | **-1.502** | **836.361** | **288.114** | **-313.277** | **811.198** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 109.099 | 51.039 | 31.689 | 2.235 | 194.062 | 70.797 | -67.415 | 197.444 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 114.860 | 52.828 | 40.839 | -369 | 208.159 | 67.744 | -78.282 | 197.621 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 114.005 | 52.461 | 45.358 | 27 | 211.851 | 80.214 | -87.252 | 204.813 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 122.399 | 55.201 | 48.086 | -3.396 | 222.290 | 69.359 | -80.328 | 211.321 |
| **2004**[1] | **506.099** | **226.259** | **207.157** | **-3.343** | **936.172** | **316.103** | **-367.266** | **885.009** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 119.045 | 54.522 | 40.608 | 3.412 | 217.588 | 72.915 | -79.056 | 211.447 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 126.416 | 56.905 | 54.315 | -2.166 | 235.469 | 74.970 | -94.166 | 216.273 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 124.064 | 56.539 | 55.421 | 176 | 236.200 | 89.311 | -96.433 | 229.078 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 136.575 | 58.293 | 56.814 | -4.766 | 246.915 | 78.907 | -97.611 | 228.211 |
| **2005**[2] | | | | | | | | |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | 133.422 | 58.727 | 51.129 | 3.997 | 247.276 | 69.390 | -91.131 | 225.535 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | 146.225 | 62.033 | 66.260 | -5.382 | 269.136 | 81.198 | -112.281 | 238.053 |
| **Fast verðlag ársins 2000, milljónir króna** | | | | | | | | |
| ***Constant prices 2000, Million ISK*** | | | | | | | | |
| **2003** | **402.508** | **173.606** | **145.547** | **-547** | **719.683** | **259.660** | **-273.201** | **707.279** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 95.817 | 41.745 | 28.048 | 796 | 167.586 | 63.324 | -58.806 | 172.652 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 100.588 | 43.285 | 36.231 | -147 | 179.579 | 62.742 | -70.285 | 172.163 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 99.719 | 43.098 | 39.590 | 39 | 182.393 | 71.652 | -75.458 | 178.917 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 106.385 | 45.478 | 41.679 | -1.235 | 190.124 | 61.941 | -68.651 | 183.548 |
| **2004**[1] | **430.221** | **178.393** | **176.112** | **-1.201** | **780.422** | **281.160** | **-311.978** | **750.854** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 102.621 | 43.170 | 35.578 | 1.271 | 184.173 | 66.349 | -68.691 | 182.125 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 107.293 | 44.914 | 46.063 | -766 | 196.075 | 66.461 | -79.838 | 183.149 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 105.059 | 44.528 | 46.480 | 5 | 195.702 | 78.489 | -80.990 | 193.256 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 115.248 | 45.781 | 47.991 | -1.710 | 204.472 | 69.860 | -82.460 | 192.324 |
| **2005**[2] | | | | | | | | |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | 111.856 | 44.466 | 44.269 | 1.511 | 203.623 | 64.565 | -81.357 | 187.563 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | 122.383 | 46.882 | 55.260 | -1.989 | 219.155 | 74.537 | -98.575 | 195.686 |

**Skýringar** *Notes:* Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytingar í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no impact on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*
[2] Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

**Tafla 2. Landsframleiðsla 2002–2005**
*Table 2. Gross Domestic Product 2002–2005*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Governm. final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar[1] *Changes in inventory*[1] | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %** | | | | | | | | |
| ***Volume changes from the corresponding period year before, %*** | | | | | | | | |
| **2002** | **-1,8** | **5,1** | **-19,6** | **0,3** | **-3,8** | **3,9** | **-2,6** | **-1,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -5,5 | 0,6 | -27,2 | 1,4 | -8,2 | 3,5 | -14,0 | -1,4 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -2,1 | 3,1 | -14,3 | -0,6 | -4,0 | 11,9 | 2,2 | -0,5 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,2 | 7,3 | -24,6 | 0,2 | -3,9 | 2,4 | -3,4 | -1,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,6 | 9,0 | -9,8 | 0,1 | 0,6 | -1,7 | 6,5 | -1,8 |
| **2003** | **5,8** | **1,5** | **20,5** | **-0,2** | **7,2** | **1,4** | **10,7** | **3,6** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 5,6 | 5,9 | -7,2 | 1,5 | 4,7 | 5,6 | 1,3 | 6,4 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 5,9 | 2,7 | 22,4 | 0,2 | 8,4 | -4,0 | 10,8 | 2,5 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 5,7 | -0,2 | 31,1 | -0,4 | 8,2 | 3,7 | 16,3 | 3,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 6,1 | -1,8 | 35,5 | -2,0 | 7,2 | 0,4 | 13,8 | 2,5 |
| **2004**[2] | **6,9** | **2,8** | **21,0** | **-0,2** | **8,4** | **8,3** | **14,2** | **6,2** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | 7,1 | 3,4 | 26,8 | 0,6 | 9,9 | 4,8 | 16,8 | 5,5 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | 6,7 | 3,8 | 27,1 | -0,9 | 9,2 | 5,9 | 13,6 | 6,4 |
| 3. ársfj.[2] *3rd quarter*[2] | 5,4 | 3,3 | 17,4 | -0,0 | 7,3 | 9,5 | 7,3 | 8,0 |
| 4. ársfj.[2] *4th quarter*[2] | 8,3 | 0,7 | 15,1 | -0,6 | 7,5 | 12,8 | 20,1 | 4,8 |
| **2005**[3] | | | | | | | | |
| 1. ársfj.[3] *1st quarter*[3] | 9,0 | 3,0 | 24,4 | 0,4 | 10,6 | -2,7 | 18,4 | 3,0 |
| 2. ársfj.[3] *2nd quarter*[3] | 14,1 | 4,4 | 20,0 | -1,6 | 11,8 | 12,2 | 23,5 | 6,8 |

**Skýringar** *Notes:* Sjá Töflu 1. *Cf. table 1.*

[1] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*
[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*
[3] Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

Hagtíðindi
Statistical Series
**90. árgangur nr. 45**
ISSN 0019-1078

Þjóðhagsreikningar
*National Accounts*
2005:5
ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 6*
Umsjón *Supervision* Guðjón K. Guðmundsson • gudjon.gudmundsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*